

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

THE ROCKY HORROR SHOW

RICHARD O'BRIEN'S



SÝNINGAR
SEPT.-OKT.

2010

WWW.LEIKFELAG.IS

NÝJAR
AUKASÝNINGAR
KOMNAR Í SÖLU!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
SALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.LEIKFELAG.IS

VISA KORTHAFAR FÁ
450 KR. AFSLÁTT
AF MIÐAVERÐI



MÍÐASALA Á NETINU: LEIKFELAG.IS
NETFANG: MÍÐASALA@LEIKFELAG.IS



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



Vala rígheldur í meydóminn

Glamúrþían Vala Grand heldur leit sinni að hinum eina rétta áfram og skrifar hún á Facebook-síðu sína að hún hafi ekki stundað kynlíf síðan hún varð löggilt kona. „Mamma spurði mig hver væri tilgangurinn með því að kaupa öll þessi nýju undirföt ef ég ætlaði ekki að deila þeim með neinum,“ skrifar Vala. „Þá sagði ég við hana að sá eini sem fengi að sjá mig í nýju undirfötunum væri einhver heppinn þarna úti,“ skrifar hún enn fremur og heldur áfram: „Ég ætla að halda meydómnum sko. Ekkert stress mamma, ég mun finna nýjan tengdason sem getur borðað góða matinn þinn.“



Borgaði Frikka fyrir lagið

Ungi Hafnfróingurinn Bjarki Lár setti í vikunni inn lagið Bara þú á YouTube og hefur fengið yfir 6 þúsund heimsóknir á tveimur dögum sem verður að teljast nokkuð gott. Glöggir hlustendur hafa tekið eftir því að laginu svipar iskyggilega til smella tónlistarmannsins Friðriks Dórs sem hafa notið mikilla vinsælda á undanförunni ári. Ekki er þar um neina tilviljun að ræða því Bjarki borgaði Friðriki Dór fyrir að semja lagið en söngvarinn ungi fékk einnig sömu upptökumenn og hafa unnið fyrir Friðrik Dór til að útsetja lagið sem virðist ætla að slá rækilega í gegn.



EKKI MISSA AF ÚTGÁFUTÓNLEIKUM SWORDS OF CHAOS Á FAKTORÝ FÖSTUDAGINN 1. OKTÓBER

Ljúfir sem lömb

Mynd/Kristinn

Monitor ræddi við Úlf Hansson, bassaleikara í þungarokksveitinni Swords of Chaos

Sverð óreiðunnar? Nafnið kom til rétt fyrir fyrstu tónleikana okkar. Við vorum ekki komnir með nafn og strákurinn sem var að setja upp plakatið fyrir tónleikana hringdi og spurði okkur að nafni. Við fórum þá á Wikipedia og smelltum þar á „random article“. Upp kom grein um tölvuleikinn Swords Of Chaos sem við höfðum einmitt allir spilað svo þar var nafnið komið.

Þið tjáðið ykkur alfarið á ensku á Myspace-síðu ykkar. Hvað þýðir eiginlega „subliminal aural contradictions leave the masses perplexed“? Þetta er setning sem ég setti saman því mér fannst standa of mikið á síðunni. Þýðingin er eitthvað á borð við: Mótsagnir undirmeðvitundarinnar skilja við mannfjöldann ráðalausan. Segir allt sem segja þarf.

Er þungarokkið að deyja út? Nei, það lifir enn.

Eruð þið svona harðir í alvörunni? Alls ekki. Við eru allir ljúfir sem lömb inn við beinið þó við spilum þungarokk. Ég myndi líka segja að okkar

tónlist sé meira að segja fyrir þá sem hlusta ekki á þungarokk vanalega.

Er rokkið bara partí og grúppíur? Langt því frá. Það er blóð, sviti og tár.

Er gítarleikarinn ykkar, Albert Finnoga, eitthvað skyldur Alfreð Finnoga knattspyrnumanni? Já, það hlýtur eiginlega að vera. Ég er samt ekki viss.

Þið haðið verið þekktir fyrir óútreiknanlega sviðsframkomu. Söngvarinn okkar, nafni minn hann Úlfur, breytist í lítið óargadýr þegar við byrjum að spila, sem er mjög skemmtilegt. Aldrei að vita hverju hann tekur upp á næst.

Nýja platan er virkilega flott. Takk fyrir það. Við erum búnir að vera að vinna að henni alveg síðan sveitin var stofnuð. Það var mjög skemmtilegt að taka upp plötuna en við tókum hana upp á fimm dögum í hljóðveri sem var rétt fohelt. Fínt að klára þessi lög til að geta byrjað á nýju efni.

Hvað tekur við? Við erum allir með mörg járn

SWORDS OF CHAOS

Stofnuð: Árið 2007

Uppruni: Borgarbörn

Meðlimir: Albert Finnogason (rafmagnsgítar), Ragnar Jón Hrólfsson (trommur), Úlfur A. Einarsson (söngur) og Úlfur Hansson (bassagítar).

Plötur: The End Is As Near As Your Teeth (2010).

í eldinum svo stundum er erfitt að finna tíma til að æfa og svoleiðis. Núna erum við að einbeita okkur að æfingum fyrir útgáfutónleikana okkar en við verðum með alls konar skemmtilegar upptökum þar. Verðum með 20 manna brassband og eldgleypi svo eitthvað sé nefnt. Svo erum við að spila á Airwaves núna í október en eftir það erum við allir að fara að vinna í öðrum verkefnum. Næsta mál á dagskrá er svo bara að byrja á nýrri plötu.

Ætla Swords of Chaos að reyna að meika það? Innst inni í hjörtum okkar erum við nú þegar búnir að meika það.

hollt er gott

BK

KJÚKLINGUR
alvöru grillaður kjúklingur

Grönsásvegur 5 | Reykjavík | Sími 588 8585

Opið alla daga 11:00 - 22:00

www.bkkjuklingur.is

Græn og gítarvæn herðatré

Hversdagslegir hlutir fá nýtt notagildi í Snilldarlausnum Marel, hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna.

„Þetta er ferlega skemmtilegt og spennandi. Hluturinn verður kynntur á föstudaginn og þá hefst keppnin,“ segir Stefán Þór Helgason, verkefnisstjóri keppinnar Snilldarlausnir Marel sem er haldin í annað sinn í ár. Hugmyndasamkeppnin snýst um að taka venjulegan hlut og gera sem mest virði úr honum. Keppendur taka hugdettuna upp á myndband og sýna fram á nýtt notagildi hlutarins. „Framhaldsskólanemar á öllu landinu mega taka þátt og við viljum fá sem flesta til að senda inn myndbönd,“ segir Stefán en veitt eru peningaverðlaun í keppinni.

Hugsa út fyrir kassann

Þeir sem vilja taka þátt ættu því strax að leggja höfuðið í bleyti því keppnin hefst föstudaginn 1. október. Þá verður hinn hversdagslegi hlutur kynntur og uppfinningamenn geta hafist handa við að finna ferskustu hugmyndina. „Það er svo einfalt og skemmtilegt að taka þátt. Eina sem þarf að gera er að hugsa út fyrir kassann og horfa á hversdagslegan hlut



STEFÁN ÞÓR ER MEÐ LAUSNINA

Mynd/Ernir

frá öðru sjónarhorni en venjulega,“ segir Stefán.

Möguleikarnir endalausir

Í fyrri var hluturinn sem vinna átti með herðatré og komu fjölmargar lausnir til greina sem sigurvegari en besta hugmyndin þótti svokallað gítartré. „Flestir sjá fyrir sér að einungis sé hægt að nota herðatré til að hengja upp fót en við komumst að því í fyrri að hægt er að gera ýmislegt annað við þau eins og til dæmis að hengja upp gítara og safna saman dósun,“ segir Stefán. Hægt er að sjá myndböndin frá keppni síðasta árs á YouTube og á vefsíðu Snilldarlausna, snilldarlausnir.is. „Úrslitin ráðast í nóvember í Alþjóðlegri athafnaviku og verðlaunaafhendingin fyrir Snilldarlausnir 2010 verður í vikunni,“ segir Stefán spenntur en Jón Gnarr verður einn af talsmönnum vikunnar þetta árið.



nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

FÓTBOLTAMYNDIRNAR VINSÆLU TOPP 25 – 99 KR/PK.



BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS/!



ÓDYRT FÓÐUR SAUMADI ÞYRÍ
INN Í GAMLAN GALLAJAKKA



ÞYRÍ BÆTTI LEÐURBÓTUM
Á BUXURNAR SEM GERIR
ÞÆR DJARFARI



ÆTLAR AÐ SELJA HÁRBÖND

Þyrí og vinkona hennar Elísabet Gunnarsdóttir, sem heldur uppi verslunarsíðunni elisabetgunnars.tk, stefna á samstarf með hárbönd sem Þyrí hefur verið að búa til fyrir jóla og selja þau. Hægt er að fylgjast með því á síðunni hennar Elísabetar en þar munu viðskiptin fara fram.

Mynd/Ernir

EUROPRIS SKYRTAN HEFUR
FENGIÐ NÝTT OG TÖFF LÚKK

Rúmfatalagerinn og Europris uppáhaldsbúðirnar

Dansarinn **Þyrí Huld** er sjálfærð saumakona. **Stíllinn** fékk að kíkja í heimsókn til hennar og skoða nokkrar flíkur sem hún hefur saumað.

Þyrí Huld Árnadóttir er hæfileikarík ung stúlka sem stundar dans við Listaháskóla Íslands og saumar fót og fylgihluti sér til gamans í frítíma sínum. „Ég byrjaði að sauma fyrir um 2-3 árum síðan. Þetta byrjaði þegar ég hafði ekki efni á að kaupa mér flík og maður nennir kannski ekki alltaf að vera í því sama. Míg langaði að vera í einhverju finu svo ég tók bara til þess bragðs að setjast fyrir framan saumavélina og sauma mér eitthvað fínt,“ segir Þyrí, en hún hefur saumað sér allskyns flíkur úr gömlum og breytt og bætt aðrar. Einnig hefur hún eitthvað verið að sauma fyrir vinkonur sínar en ekkert gjald tekið fyrir það hingað til.

Nú þegar kreppan tröllríður landanum er saumafólkið kannski ekki að flykkjast í stóru búðirnar og versla mikið magn af fötum enda er það orðið frekar dýrt fyrir budduna í dag. „Ég fer oftast í Rúmfatalagerinn eða Europris. Þar get ég fengið stóra og víða stuttermaboli fyrir lítinn pening og sauma þá eitthvað sniðugt á þá. Ég þrengi líka ermarnar og útkoman verður bara skemmtileg,“ segir hún. Þyrí er sniðug og hugmyndarík en hún hefur t.d. tekið gamlar og lúnar sokkabuxur og

sokka, klippt í sundur og saumað saman á ný og varð útkoman glæsileg.

Fátt betra en að sauma til að slaka á

„Ég hef aldrei lært að sauma, ég prófaði mig bara áfram,“ segir Þyrí. „Mamma á gamla saumavél sem er orðin 30 ára gömul. Hún virkar bara mjög vel og saumar í gegnum allt, leður og jafnvel mokka.“ Mamma og amma Þyríar eru báðar áhuga-saumakonur og mamma Þyríar saumaði stundum á hana fót sem hún fann í tímaritum. „Ég fann einu sinni mynd af kjól í blaði og mamma saumaði hann handa mér. Síðan ákvað ég bara að prófa mig áfram sjálf, því ég vissi að mamma myndi nú ekki nenna því að vera alltaf að sauma á mig,“ segir hún hlæjandi.

Aðspurð hvort stefnan sé tekin á skóla tengdan fatasaumi telur hún það ekki ólíklegt. „Míg langar mest að verða dansari en ég væri til í að geta blandað þessu bara saman. Einhvern daginn væri ég alveg til í að fara í skóla og læra þetta, en ekki strax.“ Hún segir það gott að setjast fyrir framan saumavélina, sauma, slaka á og gleyma sér svolítið.



SOKKABUXURNAR SEM HÚN KLIPPTI Í SUNDUR OG
SAUMADI SAMAN. HVÍTI BLÚNDUKJÓLLINN ER GAMALL DUKUR.

/// Mig langaði að vera í einhverju
finu svo ég tók bara til þess bragðs
að setjast fyrir framan saumavélina.

Hélt þau myndu velja stelpu með evrópskt útlit



Anna Jia er á leið til Kína eftir að hún bar sigur úr bítum í Elite-módelkeppninni síðastliðinn sunnudag.

Anna Jia bar sigur úr bítum í Elite-módelkeppninni sem haldin var síðastliðinn sunnudag. Anna er af kínverskum ættum en pabbi hennar er kínverskur. Hún hefur þó búið hér á landi alla sína ævi. Anna er enginn nýgræðingur í fyrirsætubransanum en hún hefur meðal annars verið andlit Kringlunnar og auglýst ýmis fata-merki. Hún leggur leið sína til Kína nú í vikunni en þar mun hún keppa í alþjóðlegri Elite-módelkeppni. Sú sem vinnur þá keppni fer á samning og tryggir sér ákveðinn frama í fyrirsætuhæiminum.

Hvernig tilfinning var að vinna Elite-keppnina? Ég hef aldrei upplifað annað eins áður. Þetta var mjög skemmtilegt og kom mér mikið á óvart. Ég var ekki mikið að búast við þessu því ég hélt að þau myndu frekar vilja stelpu með evrópskt útlit. En þetta var rosalega gaman.

Hefur þú áður tekið þátt í svipaðri keppni? Nei, aldrei. **Þú ert nú búin að vera að módelast eitthvað og hefur verið andlit Kringlunnar í dágóðan tíma. Hvernig er að sjá sjálfa þig á svona stórum skiltum?** Það var ótrúlega skrítið fyrst. Ég bara fór ekkert í Kringluna og reyndi að forðast það rétt eftir að þetta kom upp. Ég get ekki sagt að þetta venjist með tímanum en þetta verður allavega minna óþægilegt.

Hvað ertu að gera annað en að módelast? Ég er náttúrulega bara í skóla, er á öðru ári í Menntaskólanum í Reykjavík á náttúrufræðibraut og það gengur bara rosa vel. Þetta er krefjandi nám og mikið að gera en það er samt gaman. Ég er mjög sátt þarna.

Hver eru áhugamálin þín? Bara þetta týpíska. Ferðast og kynna nýjum löndum, borða góðan mat og eiga góðar stundir með vinum og fjölskyldu.

Hver er síðasta flíkin sem þú keypti? Ég keypti mér peysu í Urban Outfitters í London í sumar.

Gerðirðu eitthvað skemmtilegt í sumar? Ég fór í enskuskóla í sumar í tvær vikur með bestu vinkonu minni. Við vorum í Bournemouth og það var ótrúlega gaman. Við lærðum kannski ekki mikla ensku þar, en ég átti góðar stundir þar.

Hvað gerirðu á sunnudögum? Ég enda einhvern veginn alltaf á því að gera alla heimavinnuna mína á sunnudögum. Reyni að eyða þeim með vinkonunum, kannski að fara í ísbíltúr eða eitthvað. Bara eitthvað skemmtilegt.

Hefur þig aldrei langað að flytja til Kína? Jú, mig hefur langað það og ég hef farið mjög oft til Kína. Ég var mjög spennt fyrir því að vinna, vitandi það að ég myndi þá kannski fara til Kína, því ég get þá líka farið að hitta fjölskylduna mína, sem er æðislegt.

UPPÁHALDS...

...maturinn þinn? Ég verð eiginlega að segja Búlluborgari með bernaise. Það er svo gott að dýfa borgaranum ofan í bernaisesósuna.

...veitingastaðurinn þinn í Reykjavík? Úff, ég get ekki sagt Búlluna aftur svo ég segi bara Gló, mér finnst hann líka æðislegur.

...bíómyndin? Euro Trip. Ég elska þessa mynd og get horft á hana aftur og aftur.

...hluturinn? Það er úrið mitt. Ég er alltaf að tékka hvað klukkan er og er alltaf að fíkta í úrinu. Keypti það fyrir tveimur árum á Flórída. Það er svona gulllitað Club King úr og ég get ekki verið án þess.

ANNA ER HÉR MED ÚRIÐ SEM HÚN GETUR EKKI VERIÐ ÁN



Stjörnustríð

Kim Kardashian skartar fallegum líkama, það verður ekki tekið af henni. Hér er hún í stjörnustríði við systur sína, **Khloe Kardashian**, í kjól frá Bebe. Kim ber sig mun betur í kjólnum en systir sín og Stílnum finnst liturinn á kjólnum hennar Kim flottari. Einnig er Kim með mjög smart svart lakkveski en þar hittu Khloe ekki naglann á höfuðið.

Leikkonurnar **Jamie Lee Curtis** og **Sigourney Weaver** voru sniðugar þegar þær ákváðu að mæta í eins David Meister kjól á frumsýningu myndarinnar *You again*, sem þær leika báðar í. Litur kjólsins fer háralit Jamie mun betur en Sigourney en Jamie hefði mátt klæðast svörtum, klassískum hælum. Sigourney hefur verið sofandi þegar hún valdi sína skó.

Zoe Saldana og **Eva Longoria Parker** eru stórglæsilegar í þessum gráa Herve Leger kjól. Báðar eru þær í fallegum skóm sem henta kjólnum og Eva er með tösku í stíl við skóna, sem Stíllinn er mjög hlynntur. Erfitt er að gera upp á milli Zoe og Evu þar sem þær rokka kjólinn jafn vel og þurfa þær því að deila vinningnum.

Hér klæðast þær **Jessica Simpson** og **Reese Witherspoon** sama kjólnum en ekki er tekið fram eftir hvern kjóllinn er. Stíllinn er lítið hrifinn af bleika kjólnum en telur þó Reese þúlla kjóllinn betur. Hún sleppir því að nota belti sem Jessica gerir og ákveður að sýna aðeins meiri leggi og styttr kjóllinn upp fyrir hné sem kemur mun betur út.

mig

undirokar í samfélaginu, til dæmis ef þær eru ekki að fá sömu laun og karlmenn bara af því að þær eru konur. Ég vil klárlega fullt jafnrétti. En mér finnst samt allt í lagi að fíflast aðeins. Mér finnst margir femínistar tala bara eins og þær lifi ekki kynlífi. Kona getur alveg snyrt sig og stundað almenna umhirðu án þess að vera eitthvað að niðra kynsystur sínar. Ekki finnst mér Ásgeir Kolbeins eða Glyznigga vera að niðra okkur karlmenn þó að þeir séu að plokka sig. Þeir gera miklu meira en flestar kerlingar, en eru samt toppmenn. Einhvern tímann var ég að sækja Glyznigga fyrir einhvern Breiðabliksleik og hann kom fram með gúrkur í andlitinu. Mér finnst fíflalæti fyndin. Þegar ég segi mella er ég engan veginn að tala um vændi og mér dettur ekki í hug að taka upp hanskann fyrir það. Í laginu Elskum þessar mellur enda ég á því að segja: „Við erum sjálfir mellur“.

Fólk kippir sér kannski sérstaklega upp við grófa texta ef þeir eru á íslensku?

Já. Það eru lög í dagsspilun í útvarpi sem innihalda miklu grófari texta en ég er að gera, en af því að þeir eru á ensku þá fattar þetta gamla lið kannski ekkert hvað er í gangi. Ég hef margoft tekið dæmi um Rihönnu-lagið Rude Boy sem er alveg ljónhart klámlag, en mér finnst bara ekkert að því. Klámvísur og klámrimur hafa verið mjög sterkar í gegnum tíðina. Þú finnur klámfengið efni í Íslendingasögnum og meira að segja hjá Bólu-Hjálmar. Eitthvað sem er sniðugt og fyndið og gaman að. Það er annað í þessu, afþreying er ekki foreldrið þitt. Ég hlustaði á miklu grófara efni þegar ég var lítill, en ég á foreldra og þeir eru áhrifavaldur minn númer eitt. Ef foreldrar ætla bara að vera í vinnunni allan sólarhringinn og láta kennarana, tónlistarmenn eða afþreyingariðnaðinn um uppeldið, þá þurfa þeir aðeins að líta í eigin barm. Þá ættu foreldramir að sleppa því að hringja á Rás 1 til að kvarta og hringja frekar í sjálfa sig.

Þú ert mestmegnis að spila fyrir ungt fólk sem margir vilja kalla „klámkynslóðina“. Er þetta réttnefni?

Ég hef engar áhyggjur af þessu. Það er til dæmis miklu minna um drykkju og reykingar en þegar ég var í grunnskóla. Þessi böll eru bara mjög snyrtileg og þetta eru mjög vel heppnaðir krakkar. Ef ég ber þetta saman við liðið sem var með mér í bekk í grunnskóla, guð minn almáttugur! Það var miklu meira bull í gangi þegar ég var á þessum aldri. Mér finnst það mjög gott, því menn þurfa ekki að verða að verða fullorðnir á korteri. Þetta snýst bara um að fólk beri virðingu fyrir sjálfu sér og geri hluti ef það langar sjálft til þess. Þá er mér skitsama hvað það gerir og hverju það treður upp í esið á sér. En þetta er kannski vandamál ef fólk er að gera eitthvað út af félagslegum þrýstingi, til að sanna sig.

Ert þú forseti klámkynslóðarinnar?

Ég myndi segja að ég hafi búið klámkynslóðina til. Ég er ljósmóðir hennar.

Hvort misstir þú sveindóminn fyrir eða eftir að Bjarni Friðriksson vann Ólympíubrons í júdó?

Bíddu það var 1992 er það ekki? Ég missti sveindóminn í febrúar '92, þannig að það hefur verið fyrir.

Áttu kærustu í dag?

Nei.



viðtalið

ERIPUR ÞÓRÓLFUR TEYVINDARSON

Af hverju ekki?

Kerlingar eru mikli sniðugri, fallettri og æðislegri en karlmenn, en það er bara svo mikið bull í þeim. Þær halda að þær þurfi að vera mömmur alla ævi og segja manni fyrir verkum. Ég á nú þegar mömmu. Það er ein mamma sem segir mér fyrir verkum og ég hlusta á hana. Ég nenni ekki að fá nýja mömmu inn á heimilið. Sem listamaður finnst mér líka skipta máli að vera frjálst og fá að stýra mínum tíma alveg sjálfur. Í svona bransa eins og ég er í þarf ég að spila mikið og hef óreglulegan vinnutíma. Þetta er eitthvað sem fáar kerlingar eru tilbúnar að samþykkja. En kerlingar eru æðislegar. Þær verða bara að bíða eftir því að eignast börn áður en þær fara í mömmuleik.

Hvernig er Stjörnu-Erpur samanborinn við Sambands-og-kúr-Erp?

Ég fer ekki oft í samband, en ég tek það mjög alvarlega þegar ég geri það. En ég er náttúrulega ekki að kúra mikið.

Var Móra-málið ekki bara djók frá A-Ö eins og margir héldu?

Nei, alls ekki. Þetta var náttúrulega svo fátíðlegt að það hljómar eins og þetta hafi verið skrifað sem handrit. Það kemur gæi með rafbyssu, hníf og doberman-hund og ég slæ hann niður með moppu. Þetta er út í hött og hljómar eins og eitthvað fátíðlegt djók og margir halda ennþá að þetta hafi verið djók. En þetta var það alls ekki.

Friðrik Dór, Emmsjé Gauti og þessir gæjar sem þú hefur verið að gera lög með að undanfögnu eru meira en áratug yngri en þú. Ertu alveg að fíla að vinna með svona mikið yngri gaurum?

Já, mér finnst það æðislegt. Ég hef alltaf gert þetta. Það sem ég komst strax að er að það er ekki nóg að vera góður, það þarf alltaf einhver að draga mann inn í sviðsljósið. Þannig kem ég inn í bransann á sínum tíma. Það er Johnny Naz sem gerir það að verkum að ég get dregið Rottweiler inn í sviðsljósið. Síðan þegar þeir eru orðnir þekktir geta þeir gert það sama fyrir einhvern annan. Þetta snýst um að deila með sér og stækka senuna. Alltaf þegar það koma nýir menn sem ég fíla þá geri ég eitthvað með þeim.

Ertu orðinn gamli karlinn í rappinu?

Nei. Ég er bara „all-in“. Ég er pabbinn í þessum leik og ég á þetta shit. Ég meina, Jay-Z er fertugur og allir uppáhaldsrapparnir mínir eru eldri en 35 ára. Rapp er svo ungur kultúr, fyrsta rappplatan kemur út 1978. Eminem og Kanye West og þessir gæjar verða áfram að rappa þegar þeir verða sextugir, alveg eins og Mick Jagger er ennþá að syngja í dag.

En þú?

Ég líka, klárt. Ég mun alltaf semja texta. Pabbi minn er ljóðskáld og ég hef gert það líka í gegnum tíðina. Maður mun alltaf vera í þessu, tónlist, sköpun og textagerð.

Hafa fötin orðið þrengri með árunum?

Ég verð að segja alveg eins og er að þau hafa orðið þrengri. En það er eitthvað sem enginn tekur eftir. Þegar ég tala um að buxurnar mínar séu orðnar of þröngar þá get ég samt ennþá verið með þér í þessum buxum. Maður hefur heyrt einhverja menn drulla yfir hip hop-tískuna sem Pharrell Williams og Kanye West eru með og segja að það sé ekki hip hop að vera í þröngu. Það er náttúrulega algjör þvæla og kjaftæði. Stærstu og hörðustu rapparnir fyrir mína kynslóð eru Public Enemy og þeir voru að rokka buxur sem voru frekar þröngar. Ef menn vilja fara lengra aftur í tímann, hvað ætla menn að segja um frumkvöðlana í Grandmaster Flash and the Furious Five sem rokkuðu níðþröngar, rauðar leðurbuxur með reimar á hliðinni, kúrekahatta og gula plastjakka. Hip hop-tískan hefur verið út um allt.

Hvað er langt þangað til við sjáum þig í rauðum, þröngum leðurbuxum?

Hvenær sem er. Það gerist bara á útgáfutónleikum.



▲▲ Þessi böll eru bara mjög snyrtileg og þetta eru mjög vel heppnaðir krakkar. Ef ég ber þetta saman við liðið sem var með mér í bekk í grunnskóla, guð minn almáttugur!

TAKI FÖRIR LEIKINN!



Extra, Hekla og Monitor óska
Jóhanni Norfjörð
til hamingju með sigurinn í Extrabrosinu 2010

Monitor vill þakka öllum fyrir
frábæra þáttöku í leiknum.



MONITOR



FERILLINN



Julia Roberts

Hæð: 175 sentimetrar.
Besta hlutverk: Vivian í *Pretty Woman*.
Eitruð tilvitnun: „Þegar ég var krakki var ég skotin í *Abraham Lincoln*.“
Skrýtin staðreynd: Er ein launahæsta leikkona Hollywood og ein sú fyrsta til að fá 20 milljónir dollara fyrir kvikmynd. Þegar Brad Pitt og George Clooney fréttu að hún væri að fara að leika með þeim í *Ocean's Eleven* (2001) sendu þeir henni kort sem í stóð: „Við fréttum að þú fengir 20 á mynd“ og inni í því var 20 dollara seðill.

1967 Fæðist 28. október 1967 í borginni Atlanta í Georgíu-fylki.

1986 Leikur örhlutverk á móti bróður sínum, Eric Roberts, í myndinni *Blood Red* sem kemur reyndar ekki út fyrir en þremur árum síðar.

1989 Leikur í myndinni *Steel Magnolias* og fær Óskartilnefningu sem besta aukaleikkona.

1990 Slær í gegn í hlutverki sínu sem vændiskonan í myndinni *Pretty Woman*. Hlýtur Óskartilnefningu sem besta leikkona.

1993 Giftist söngvaranum og leikaranum Lyle Lovett, en þau skilja tveimur árum síðar.

2001 Hlýtur Óskarsverðlaun sem besta leikkona fyrir hlutverk sitt sem Erin Brockovich í samnefndri mynd.

2002 Giftist kvikmynda-tökumanninum Daniel Moder, en þau kynntust ári fyrir við tókur á myndinni *The Mexican*.

2003 Fær 25 milljónir dollara fyrir leik sinn í *Mona Lise Smile*.

2004 Eignast sín fyrstu börn, tvíburana Hazel Patricia og Phinnaeus Walter.

2007 Eignast soninn Henry Daniel.

Frumskýningar helgarinnar

Brim

Leikstjóri: Árni Ólafur Ásgeirsson
Aðalhlutverk: Ólafur Egill Egilsson, Nína Dögg Filippusdóttir og Ingvar E. Sigurðsson.
Lengd: 90 mínútur.
Dómar: Engir dómar komnir.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Ung kona ræður sig sem háseta á fiskveiðibát þar sem fyrir er harður og samheldinn hópur karla. Smám saman kemur í ljós að plássíð sem hún fékk losnaði vegna hörmulegra atburða. Í innbyrðis átökum og baráttu við náttúruöflin þarf þessi sundurleiti hópur að standa saman og mæta örlögum sínum í sjóferð sem tekur óvænta stefnu.

Eat Pray Love

Leikstjóri: Ryan Murphy.
Aðalhlutverk: Julia Roberts, Billy Crudup og James Franco.
Lengd: 139 mínútur.
Dómar: IMDB: 4,7 / Metacritic: 5,0 / Rotten Tomatoes: 37%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó og Sambíóin Selfossi.
 Þegar Elizabeth Gilbert (Roberts) var um þrítugt hafði hún allt sem ung nútímakona getur óskað sér. Einhverra hluta vegna var hún ekki hamingjusöm, heldur ráðvillt og stressuð. Hér segir Elizabeth frá því þegar hún snýr við blaðinu, losar sig við eiginmann og atvinnu, tekur föggur sínar og fer út í heim. Byggð á þekktri metsólubók.



Dinner for Schmucks

Leikstjóri: Jay Roach.
Aðalhlutverk: Steve Carell, Paul Rudd og Zach Galifianakis.
Lengd: 114 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,3 / Metacritic: 5,6 / Rotten Tomatoes: 45%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 7 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Sambíóin Akureyri og Sambíóin Álfbakka.
 Tim (Rudd) er ungur maður á framabraut. Það eina sem stendur í vegi fyrir frama hans innan fyrirtækisins er árlegt matarboð sem yfirmaður hans stendur fyrir. Þetta matarboð er fyrir mjög sérstakt fólk og sá stendur sig best sem kemur með mesta sérvitrिंगinn með sér.



Var orðinn ljósgrænn í framan

Íslenska kvikmyndin *Brim* verður frumsýnd laugardaginn 2. október í Háskólabíói. *Brim* er önnur kvikmynd leikstjórans Árna Ólafs Ásgeirssonar og segir frá ungrri konu sem ræður sig sem háseta á fiskveiðibát þar sem fyrir er samheldinn hópur sjóara.



ÓLAFUR EGILL EGILSSON LEIKUR Í BRIM

„Þetta gerist um borð í dalli af eldri gerðinni,“ segir Ólafur Egill Egilsson en hann fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni. „Við fórum á síðasta túrinn hjá skipinu Jóni á Hofi en þegar tókum lauk var sá gamli sagaður niður í brotajárn,“ segir Ólafur en myndin gerist úti á hafi og voru tókudagarnir því oft kaldir og blautir. „Það er virkilega vont veður í myndinni en sem betur fer þurftum við ekki að leita lengra en út á Faxaflóa til að fá almennilegt óveður,“ segir Ólafur og bætir við að oft hafi komið upp sjóveiki á tókustað. „Við erum svo miklir landkrabbar,“ segir hann en tókumaðurinn var verst haldinn af sjóveiki. „Hann fékk varla að sjá út fyrir linsuna og var oft orðinn ljósgrænn í framan,“ segir Ólafur, en hann sjálfur slapp vel. „Mér var sagt eftir á að eitthvað vanti í heilann á þeim sem verða ekki sjóveikir, ég þyrfti kannski að láta athuga þetta,“ segir Ólafur hlæjandi.

Julia Roberts var boðið að leika í *Basic Instinct* (1992) og *Shakespeare in Love* (1997), en hafnaði báðum hlutverkunum.

SJÓMENNASKAN ER EKKERT GRÍN

Popp-korn

Jada Pinkett-Smith og Will Smith virðast staðráðin að gera börnin sín fræg. Niu ára dóttir þeirra, **Willow Smith**, sem nýlega gaf út sitt fyrsta lag, fylgdi móður sinni á tiskuvíkuna í Milanó á dögunum. Þar sat hún á fremsta bekk ásamt Kylie Minogue og Naomi Campbell á sýningu Dolce & Gabbana, klædd dagblaðs-skreyttum kjól og leðurskikkju.



Shia LaBeouf segir að peningarnir sem hann hefur unnið sér inn sem kvikmynda-leikari hafi bjargað föður hans. Pabbi hans hafi áður selt fíkniefni til að framfleyta fjölskyldunni en þegar LaBeouf fór að eignast sína eigin peninga notaði hann þá til að borga pabba sínum til að vera með honum á tókustað svo hann léti af fyrri vinnu. Segir LaBeouf að án kvikmyndaframans ætti hann líklega engan pabba í dag.



Justin Timberlake hefur fengið afar góða dóma fyrir leik sinn í myndinni *The Social Network*. Hann segist vandlátur á kvikmynda-verkefni og að öllu máli skipti að hann fái að vinna með hæfileikaríkum aðilum. Eitt af næstu verkefnum hans er myndin *I'm mortal* sem gerist í framtíðinni þegar tækni kemur í veg fyrir að fólk eldist. Amanda Seyfried mun leika á móti honum.



FRO•YO
Fitulítill Ferskur Jógúrtis

Jógúrtisinn sem sló í geng í USA
Núna á Íslandi

Nýr frábær Jógúrtis ferskari og fituminni
Fituinnihald minna en 1%
Fjöldi spennandi bragðtegunda

Yfir 40 tegundir af fersku og spennandi meðlæti

Hollusta & Ferskleiki FroYo Jógúrtis fæst aðeins í

Ávextir – Hnetur – Granola – Nammi

Ísbúðinni Álfheimum 4
Sími 568 0050 · froyo@simnet.is

FroYo jógúrtis er á Facebook

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

Guitar Hero



Með Guitar Hero Warriors of Rock tekst að blása nýju lífi í þessa vinsælu gerð leikja. Lagalistinn hefur aldrei verið harðari, en hann telur meira en 90 lög með mörgum af vinsælustu hljómsveitum heimsins. Hvert lag er svo hægt að spila á 13 mismunandi vegu, en í leiknum eru 13 spilunarmöguleikar og eru þar á meðal Band Streak, High Score og Power Challenge. Auk þessara nýjunga inniheldur leikurinn öflugan söguþráð þar sem leikmenn þurfa að há einvigi við hina ýmsu rokkdjöfla. Guitar Hero Warriors of Rock er hægt að spila með gítar, bassa, trommum og hljóðnema.



Mælir með



DÓMAR:
 „Stærsti og besti Guitar Hero leikurinn hingað til.“
97% Game Chronicles
 „Frábær skemmtun.“
80% Game Informer

- LAGALISTH:**
- Aerosmith – "Cryin" • AFI – "Dancing Through Sunday" • Alice Cooper – "No More Mr. Nice Guy" • Anthrax – "Indians" • Black Sabbath – "Children Of The Grave"
 - Creedence Clearwater Revival – "Fortunate Son" • The Cure – "Fascination Street" • Deep Purple – "Burn" • Def Leppard – "Pour Some Sugar On Me (Live)"
 - Dire Straits – "Money For Nothing" • Fall Out Boy – "Dance, Dance" • Foo Fighters – "No Way Back" • Foreigner – "Feels Like The First Time" • The Hives – "Tick Tick Boom"
 - Interpol – "Slow Hands" • Jane's Addiction – "Been Caught Stealing" • Jethro Tull – "Aqualung" • KISS – "Love Gun" • Linkin Park – "Bleed It Out"
 - Lynyrd Skynyrd – "Call Me The Breeze (Live)" • Metallica & Ozzy Osbourne – "Paranoid (Live)" • Muse – "Uprising" • Neil Young – "Rockin' In The Free World"
 - Nickelback – "How You Remind Me" • Nine Inch Nails – "Wish" • The Offspring – "Self Esteem" • Pantera – "I'm Broken" • Poison – "Unskinny Bop"
 - Queen – "Bohemian Rhapsody" • Queensrÿche – "Jet City Woman" • Rammstein – "Waidmanns Heil" • The Ramones – "Theme From Spiderman"
 - R.E.M. – "Losing My Religion" • The Rolling Stones – "Stray Cat Blues" • The Runaways – "Cherry Bomb" • Silversun Pickups – "There's No Secrets This Year"
 - Slash featuring Ian Astbury – "Ghost" • Slayer – "Chemical Warfare" • Slipknot – "Psychosocial" • Soundgarden – "Black Rain"
 - Steve Vai – "Speeding" (Vault Version) • Stone Temple Pilots – "Interstate Love Song"
 - Sum 41 – "Motivation" • Tom Petty & The Heartbreakers – "Listen To Her Heart"
 - The White Stripes – "Seven Nation Army"



EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115



skór 10.990.-

hummel
Character since 1962

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is

Nina
KIRKJUBRAUT 4-6
AKRANESI • SÍMI 431 2244

LOKAPRÓFIÐ

| 30. september 2010 |

MONITOR
skólinn

Ég heiti Kári Ársællsson

Flottasta fótboltakona á Íslandi er

- a) Sara Björk Gunnarsdóttir
- b) Dóra María Lárusdóttir.
- c) Embla Grétarsdóttir.
- d) Raket Hönnudóttir.
- e) Ég fíla bara fimleikastelpuð ☺

Þú veist hver ég er af því að ég er Íslandsmeistari og læt yfirleitt ekki lítta fyrir mér fara.



Heitasta ósk mín er að klára flugumferðastjórnandi en ég fengist aldrei til að spila vinstri kant ☺

Það erfðasta í undirbúningnum fyrir leik er að:

- a) Reima skóna.
- b) Setja á sig legghlífarnar.
- c) Hita upp.
- d) Setja upp fyrirliðabandið.
- e) Hlusta á þjálfararæðuna.

Af því að maður þort að hafa þrispínum svo helvíti mitt net til að þá haldist uppi. ☺



Uppáhaldslagið mitt er Worth it all með Jon Jonsson.

Það skemmtilegasta sem ég veit er að spila fótbolta með góðum vinum en það leiðinlegasta er að reita arfa með Ben Arfa Newcastle

Ef ég þyrfti að gera eitt af eftirfarandi við liðsfélaga mína myndi ég

- a) Slumma Óla Kristjáns þjálfara.



- b) Snyrta Alfreð Finnboğa.
- c) Kúra með Olgeiri Sigurgeirssyni.
- d) Baða Kidda Steindórs.
- e) Nudda allt liðið. Gat ekki rala bara eitt ☺

Af eftirfarandi hræðist ég mest:

- a) Ellina.
- b) Meiðsli.
- c) Háloftin.
- d) Djöfulinn.
- e) Sýkia.

Verstu óvinir mínir eru

- a) KR því ég hata Vesturbæinn.
- b) FH því vinur minn er í liðinu.
- c) Selfoss því ég hata Ingó.
- d) ÍBV því ég fíla ekki Þjóðhátíð.
- e) Aukakílóin.

Það sem fæstir vita um mig er að ég er fáranleg öflugur stáker og ég er alveg skemmtilegur sko...



fréttamaður. Af því að ég held þú veir mjög gaman að vera lífsmyndagerðarmaður í kríksyndi.

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa If you read this you have to pay me 1000 \$ - þá veir ég ríkur í dag...

Síðasta sms sem ég fékk var frá Ingvor Kale og í því stóð Kemst ekki kl 8, kem 9.

Ef ég væri ekki Kári Ársæls vildi ég helst vera:

- a) Kári Stefáns, erfðaséni.
- b) Kári kuldaboli, kuldaboli.
- c) Dagur Kári, kvikmyndagerðarmaður.
- d) Höskuldur Kári Schram, fréttamaður.




Síðast en ekki síst

» **Hilmir Jensson, leikari, fílar:**

Kvikmyndin

Come and See í leikstjórn Elem Klimov er algert meistarastykki. Hún gerist í seinni heimstyrjöldinni í Hvíta-Rússlandi. Ég hef horft á hana nokkrum sinnum og er alltaf eftir mig. Stríðsmyndirnar frá Hollywood komast ekki með tærnar þar sem þessi hefur hælana.



R.R.Martin stendur þar upp úr. Ofboðslega vel skrifuð, margslungið plott og magnað persónugallerí. Skyldulesning fyrir nörd.


Platan

Elephant með The White Stripes er ein af fáum plötum sem ég get hlustað á frá byrjun til enda án þess að hoppa yfir lag.



Sjónvarpsþátturinn

Ég var að klára bresku zombieþættina **Dead Set**. Ég hef mjög gaman af zombiemyndum og þessi sería gefur þeim bestu ekkert eftir. Shawn of the Dead og Dead Set sýna og sanna að Bretarnir eru bara með þetta.



Vefurinn

Google Maps. Ótrúlegt að það sé hægt að skoða hvaða stað sem er í heiminum úr lofti.

Bókin

Ég hef alltaf verið nörd í mér og les mikið af fantasy bókum. Serían **A Song of Ice and Fire** eftir George



Staðurinn

Ætli ég verði ekki að segja **Næsti bar**. Kósí stemning, gott að spjalla og frábært starfsfólk.



fimmtudagur **30**
sept

laugardagur **2**
okt



KRISTÍN OG SÓLEY

Crymo Gallerí
20:00 Söngkonurnar Kristín og Sóley útskrifuðust báðar úr tónsmíðum frá Listaháskólanum síðastliðið vor. Þær verða með tónleika í Crymo Gallerí og kostar einungis litlar 500 krónur inn. Aðeins er tekið við reiðufé.

KVIKMYNDA-PÖBBKVISS

Kaffibarinn
21:00 Í tilefni kvikmyndahátíðarinnar RIFF fer fram pöbkkviss með kvikmyndaávífa á Kaffibarnum þar sem ýmis kvikmyndavarningur og drykkjarföng verða í verðlaun. Að því loknu verður dansað við ekta ameríska rokkabilítónlist. Ókeypis veitingar fyrir þá sem mæta tímanlega.

föstudagur **1**
okt

SWORDS OF CHAOS

Faktorý
22:00 Útgáfu fyrstu breiðskífu sveitarinnar fagnað en ásamt Swords of Chaos koma fram hljómsveitirnar Logn, Markús & The Diversion Sessions og Reykjavík! Miðaverð er 1.000 krónur og forsala fer fram í Havari.

SALSAKVÖLD

Pósthúsið
22:00 Suðræn salsastemning á vinbarnum Pósthúsinu við Austurvöll. Salsatónlist fram eftir kvöldi.

ÆTTLEIDDU DÝR

Dýraríkið, Garðabæ
13:00 Dýrahjálpi Íslands verður með ættleiðingardag í Dýraríkinu í Garðabæ á milli 13 og 17 þar sem þú getur tekið að þér dýr sem vantar hlýtt og kærleiksrikt heimili. Þinn fullkomni félagi gæti leynst þarna.

JÓGVAN OG 17 SANGARAR

Langholtskirkja
20:00 Færeyski söngvarinn Jógvan Hansen heldur tónleika ásamt kórnum 17 sangarar frá Klaksvík í Færeyjum. Færeysk lög ásamt íslenskri söngvasýrpu. Miðaverð er 2.000 krónur.

GRAPEVINE GRASSROOTS

Hemmi og Valdi
20:30 Tuttugasta Grapevine Grassroots-kvöldið verður haldið á Nýlenduvörurverzlun Hemma og Valda. Fram koma DJ Flugvél og geimskip, ThizOne, Corvus, Crackers og fleiri.

LOPAPEYSUTÓNLEIKAR

Rosenberg
21:30 Hvannadalsbræður halda lopapeysutónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg í tilefni af átta ára samstarfsafmæli sínu.



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN - CABARET

Barbara
22:30 Skellt verður í eldheita kabarett-köku á Barðöru þar sem öll lögin úr Litlu hryllingsbúðinni verða flutt. Mikil gleði, brandarar og búningaskipti. Miðaverð 1.000 krónur og einungis tekið við reiðufé.

GORDJÖSS

Nasa
00:00 Hinn eini sanni Páll Óskar heldur Gordjöss-ball á Nasa. Þar þeytir hann skífum og treður upp auk þess sem Blaz Roca stigur á svið. Allt og allir verða gordjöss. Miðaverð 1.500 krónur og aðeins er selt við innganginn.



Slær örugglega alvöru Októberfest út

„Ég hef reyndar hvorki farið á alvöru Októberfest né hérna í Reykjavík. En þetta slær því örugglega út,“ segir Bjarni Jensson, söngvari í hljómsveitinni Cliff Clavin sem kemur fram á Rocktóberfest X-ins á Sóðómu um helgina. Sveitin leggur nú lokahönd á plötu sína The Thieves Manual og stefnir á mikla spílamennsku til að fylgja henni úr hlaði. Býst Bjarni einnig við því að sveitin taki vel á því um helgina. „Stemningin verður örugglega mjög góð, ég vona bara að það verði ekki allir búnir á því eftir síðustu Októberfest,“ segir hann.

Cliff Clavin munu spila á laugardagskvöldinu en veislan stendur alla helgina. Aðrir sem koma fram eru til dæmis Bárujárn, Vicky og Mammút sem spila á fimmtudag, Ourlives, Bloodgroup og Endless Dark, sem spila á föstudag og Hoffman, Ultra Mega Technobandið Stefán og Agent Fresco sem spila á laugardag. Af þessu tilefni verður bjórin á sérstöku tilboðsverði og verður jafnframt hægt að kaupa 10 bjóra kort á sérstökum kjörum.

Húsið opnar klukkan 20 á fimmtudag og klukkan 22 á föstudag og laugardag. Miðasala fer fram á Mídi.is og í Levi's verslunum.

Lilja Nótt, leikkona

Það er fjölskyldudagur í Leiklistarskólanum þar sem við tökum á móti nýnemum en annars er ég bara að vinna alla helgina, við erum að sýna Íslandsklukkuna í Þjóðleikhúsinu. En þegar ég er í helgarfrú reyni ég yfirleitt að fara eitthvert út á land ef ég get.

Helgin mín




Happy Hour

milli kl 16:00 - 19:00 alla daga

Beinar útsendingar

Lifandi tónlist öll kvöld



“En Tuborg Classic skal nydes kold og med respekt”



Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík



Léttol

Léttol



Stígandi unaður



Maltesers[®], súkkulaði á léttan máta